



Hjarta þjóðarinnar slær á Þingvöllum

Á sýningunni Hjartastaður í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum eru Þingvallamyndir úr einkasafni Sverris Kristinssonar. Þær eru eftir helstu listmálara þjóðarinnar á 20. öld.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það var snemma á síðasta ári sem við ákváðum að láta eina af sýningum þessa árs hverfast um fullveldisafmælið. Þá kom Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur með þá snilldarhugmynd að fá lánuð verk hjá honum Sverri Kristinssyni fasteignasala, sem er mikill safnari. Fyrir valinu urðu forkunnarfallagar Þingvallamyndir, enda slær hjarta þjóðarinnar á Þingvöllum,“ segir Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, um Hjartastað, sýningu sem opnuð hefur verið í listasafni bæjarins.

Valgerður segir verkin eftir sautján listmálara, bæði þá sem þjóðin þekkir best eins og Kjarval, Ásgrím, Þórarín B. Þorláksson, Jón Stefánsson, Jóhann Briem, Jón Þorleifsson, og Eirík Smith en líka aðra sem ekki hafa verið jafn áberandi í sýningar-sölum til þessa. „Einn þeirra er Gísli Jónsson, sem var fæddur 1878 og dó 1944. Það er mikil heiðrikja yfir myndunum hans og þær vöktu hvað mesta athygli við opnunina, fólk hafði ekki séð verk hans áður.“

Sýningin Hjartastaður verður í



Myndir meistaranna njóta sín afbragðsvel í Listasafni Reykjanesbæjar og þar fá þær að vera fram í miðjan apríl.

VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ LÁTA EINA AF SÝNINGUM ÞESSA ÁRS HVERFAST UM FULLVELDISAFMÆLIÐ.

Duushúsum fram í miðjan apríl og á tímabilinu verða þar nokkrir viðburðir tengdir henni. Þar má nefna leiðsögn og gjörning á Safnahelgi á Suðurnesjum 10. og 11. mars og fræðslukvöld með bæði sögu- og myndlistarfyrirlesturum, gjörningi leikfélagsins um árið 1918 og tónlist.



Fréttablaðið, 15.02.2018, síðu 48
grein stærð: 14.44 sm²
grein hæð: 2.95 sm

Vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út um sýninguna Hjartastað. Þar fjallar Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur um gildi Þingvalla fyrir íslenska myndlist og Birgir Hermannsson, lektor við HÍ, fer orðum um tengsl Þingvalla við íslenska þjóðmenningu.